



**BA ritgerð**  
**Félagsráðgjöf**

**Áhrif skilnaðar á börn**

Hvaða áhrif geta deilur foreldra haft á aðlögun og líðan barna eftir skilnað?

Erna Kristín Hrólfsdóttir

**Valgerður Halldórsdóttir**  
**Janúar 2019**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD



## ***Áhrif skilnaðar á börn***

***Hvaða áhrif geta deilur foreldra haft á aðlögun og líðan barna eftir skilnað?***

Erna Kristín Hrólfsdóttir

060590-3039

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Valgerður Halldórsdóttir

Stærð ritgerðar í ECTS einingum: 12 einingar

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Janúar 2019

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf  
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.  
© Erna Kristín Hrólfsdóttir, 2019

Prentun: Háskólaprent  
Reykjavík, Ísland, 2019

## Útdráttur

Þrátt fyrir að skilnaðir séu í nútímasamfélagi taldir eðlilegt fyrirbæri geta þeir samt sem áður reynst börnum erfiðir. Í ljósi þess er mikilvægt að huga vel að börnum þegar slíkar breytingar eiga sér stað. Skilnaður sem slíkur veldur ekki óhjákvæmilega skaða heldur skiptir miklu máli hvernig staðið er að honum og einkum og sér í lagi þegar um ágreining og deilur milli foreldra er að ræða. Markmið þessarar ritgerðar var því að skoða áhrif deilna foreldra á aðlögun og líðan barna eftir skilnað. Niðurstöður leiddu í ljós að ágreiningur foreldra hefur slæm áhrif á líðan barna. Hins vegar kom fram að þeir þættir sem höfðu áhrif á aðlögunarferli barna eftir skilnað voru seigla og gott sjálfstraust. Þessir tveir þættir hafa jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan og auðveldar börnum að takast á við mótlæti síðar á lífsleiðinni. Foreldrasamvinna er lykilatriði þegar kemur að aðlögun og lífsgæðum barna í því breytingaferli sem skilnaður er. Má því álykta að góð samvinna milli foreldra dragi úr ágreiningi og auki tengsl barna við báða foreldra sína. Jafnframt hefur hún jákvæð áhrif á tengslamyndun barna síðar á lífsleiðinni.

## Formáli

Þessi heimildaritgerð er 12 eininga lokaverkefni til B.A. prófs í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Fjallar hún um hvaða áhrif deilur foreldra geta haft á aðlögun og líðan barna eftir skilnað. Leiðbeinandi ritgerðarinnar var Valgerður Halldórsdóttir og vil ég þakka henni fyrir leiðsögn sína. Jafnframt færi ég afa mínum, Birni Hafsteinssyni og móður minni, Maríu Björnsdóttur, sérstakar þakkir fyrir yfirlestur. Einnig á ég fjölskyldu minni og samnemendum mínum þakkir skyldar fyrir ómetanlegan stuðning og hvatningu.

## Efnisyfirlit

Útdráttur.....	5
Formáli.....	6
Efnisyfirlit.....	7
Töfluskra.....	8
Myndaskra.....	8
<b>1 Inngangur.....</b>	<b>9</b>
<b>2 Skilnaðir í sögulegu ljósi.....</b>	<b>10</b>
<b>3 Hvað segja lögin?.....</b>	<b>13</b>
3.1 Hjúskaparlög.....	13
3.2 Barnalög.....	13
3.3 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.....	15
<b>4 Tölfræði.....</b>	<b>16</b>
4.1 Tíðni skilnaða.....	17
4.2 Árangur sáttameðferðar hjá sýslumönnum.....	20
<b>5 Kenningar.....</b>	<b>22</b>
5.1 Fjölskylduauður.....	22
5.2 Fjölskyldukerfiskenning.....	23
5.3 Tengslakenning.....	24
5.4 Kreppukenning.....	24
<b>6 Innlendar rannsóknir.....</b>	<b>26</b>
6.1 Forsjá.....	26
6.2 Áhrif skilnaðar á börn.....	27
6.3 Hlutverk barna eftir skilnað foreldra.....	29
6.4 Ágreiningur og deilur milli foreldra.....	30
<b>7 Erlendar rannsóknir.....</b>	<b>33</b>
<b>8 Samantekt.....</b>	<b>36</b>
<b>9 Lokaorð.....</b>	<b>38</b>
<b>Heimildaskra.....</b>	<b>39</b>

## **Töfluskrá**

Tafla 1 - Hlutfall þeirra sem skilgreindir eru í kjarnafjölskyldu.....	16
Tafla 2 - Tíðni skilnaða úr gögnum Eurostat .....	18
Tafla 3 - Sáttameðferðir .....	20
Tafla 4 - Mál fyrir héraðsdómstólum .....	20

## **Myndaskrá**

Mynd 1 - Þróun lögskilnaða og sambúðarslita á árunum 1961-2011 .....	17
Mynd 2 - Fjöldi barna úr lögskilnuðum og sambúðarslitum á Íslandi .....	18
Mynd 3 - Forsjá barna við lögskilnað á Íslandi.....	19
Mynd 4 - Forsjá barna við sambúðarslit á Íslandi .....	19



## 1 Inngangur

Fjöldi barna hefur upplifað skilnað foreldra sinna og getur slík reynsla verið flókin jafnvel þótt foreldrum takist vel til þar sem talsverðar breytingar í lífi barnsins eiga sér stað. Af þeim sökum var ákveðið að skoða hóp barna þeirra foreldra sem greinir á við slíkar breytingar. Rannsóknarspurning þessarar ritgerðar er því hvaða áhrif geta deilur foreldra haft á aðlögun og líðan barna eftir skilnað? Aflað var gagna frá innlendum og erlendum rannsóknum auk var notast við lög, skýrslur, tölfræði upplýsingar og bækur.

Fyrst verður fjallað um skilnaði í sögulegu ljósi. Þar verður gerð grein fyrir því hvernig afstaða hins íslenska þjóðfélags hefur breyst í aldanna rás. Því næst verða reifaðar þær lagagreinar sem skipta máli bæði í hjúskaparlögum og barnalögum auk þess að nokkrum orðum verður vikið að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Rétt þótti að kanna tölfræðilegar upplýsingar Hagstofu Íslands um tíðni skilnaða, árangur sáttameðferðar hjá sýslumönnum, forsjá barna og þróun lögskilnaða og sambúðarslita á Íslandi. Í ritgerðinni má finna nokkrar töflur og myndir til nánari skýringar. Því næst verður farið nokkrum orðum um hinar ýmsu kenningar sem fram hafa verið settar varðandi svonefndan fjölskylduauð, fjölskyldukerfiskenningu, tengslakenningu og kreppukenningu.

Ekki verður undan því vikist að fjalla um íslenskar og erlendar rannsóknir sem gerðar hafa verið varðandi forsjármál, áhrif skilnaðar á börn, hlutverk barna eftir skilnað foreldra og síðast en ekki síst ágreining og deilur milli foreldra í skilnaðarferlinu.

Að öllu framansögðu leiða þessi skrif til niðurstöðu sem gerð verður grein fyrir í sérstökum kafla.

## 2 Skilnaðir í sögulegu ljósi

Í árána rás hafa miklar breytingar orðið tengdar skilnuðum í samfélögum og menningu víða um heim. Siðir og gildi einstaklinga hafa breyst og þar af leiðandi haft áhrif á hugmyndir og sýn einstaklinga til bæði hjónabands og foreldrahlutverksins (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Áður fyrr voru Íslendingar seinni að átta sig á mikilvægi hjónabandsins en þekktist annars staðar í Evrópu. Hjónabönd nutu mikillar virðingar og voru þeir sem gengu í hjónband settir skör hærra en aðrir þegnar samfélagsins. Annað gildi um einhleypa einstaklinga þar sem samfélagsþegnar litu á þá sem lágstéttarfolk. Hjónabandið skapaði því ákveðna festu og frið í samfélaginu. Með hliðsjón af mikilvægi hjónabandsins komu fræðimenn á þeim tímum fram með kenningu sem var í því fólgin að við ríkjandi feðraveldi var barn ekki skilgreint sem fullgildur þjóðfélagsþegn ef það var föðurlaust. Stóridómur var samþykkt um siðferðismál sem var undirrituð árið 1564 á Alþingi, sem á þeim tíma var haldið á Þingvöllum og tók síðar gildi sem lög á Íslandi. Samkvæmt Stóradómi neyddu sýslumenn konur til að koma í yfirheyrslu á Alþingi ef barn þeirra var föðurlaust og var það þá skilgreint sem óskilgetið. Réttur barnsins og staða þess réðist því einungis af því hvort það var getið innan eða utan hjónabands. Ef börn voru getin utan hjónabands og móðirin var t.d. vinnukona voru börnin oft send að heiman. Börnin urðu því að bitbeini sveitarstjórna og send á milli hreppa. Fæstir hreppir vildu taka á sig framfærslu slíkra barna. Örlög þeirra urðu mjög dapurleg og í verstu tilvikum létu þau lífið. Hjúskaparbrot, t.d. framhjáhald, var litið afar alvarlegum augum. Refsingar vegna slíkra brota voru þungar. Má þar nefna að refsing vegna hjúskaparbrotis jafnaðist á við dauðarefsingu vegna morðs. Fyrir hjúskaparbrot var konum drekkt og menn hálshöggvir. Auk þess var litið svo á að þeir sem eignuðust barn utan hjónabands lifðu frillulífi og var slíkt brot kallað frillulífsbrot. Til eru dæmi um ástfangin ógift pör sem bjuggu saman og eignuðust barn en voru dregin til saka. Þeim var gert að greiða háar sektir og voru jafnvel dæmd til hýðingar (Inga Huld Hákonardóttir, 1995).

Af framangreindu er ljóst að hjónaskilnaðir voru ekki algengir á þessum tíma þrátt fyrir öll hjúskaparbrotin sem voru nokkuð tíð. Má þar nefna dæmi um eiginmenn sem

héldu framhjá konum sínum með vinnukonum heimilisins og áttu með þeim börn. Þrátt fyrir það tíðkaðist ekki að enda hjónabandið vegna slíkra svika. Skilnaður var ekki valkostur fyrir margar giftar konur því þær forðuðust mannorðshnekki og voru háðar eiginmönnum sínum að flestu leyti. Í stað þess að sækja um skilnað báru þær höfuðið hátt þótt skömm maka þeirra væri mikil (Inga Huld Hákonardóttir, 1995).

Í Evrópu fór skilnuðum að fjölga töluvert frá árinu 1970. Hugmyndir um fjölskylduna sem órofna heild breyttust og urðu samskipti foreldra og barna flóknari og fjölbreyttari í kjölfarið. Á þessum tíma jókst meðal annars valdabarátta á milli kynjanna þar sem konur börðust um rétt sinn á vinnumarkaði og innan heimila (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Sú staða breyttist og fór baráttu kynjanna í kjölfar aukinnar skilnaðartíðni einnig að snúast um það sem þau áttu sameiginlegt. Eftir skilnað fóru foreldrar að deila um það hvor myndi sigrá baráttuna um börnin. Börn urðu þar með að miðpunkti átaka á milli foreldra sinna. Mikilvægt var því að finna nýjar leiðir til þess að gæta að velferð barna í erfiðum skilnaðaruppgjörum. Nauðsynlegt var að efla sameiginlega ábyrgð foreldra til hlutverksins og hvetja þá til samvinnu. Nýjar lagabreytingar í málum sem tengjast foreldrum og börnum eftir skilnað hafa rutt brautina að jafnrétti kynjanna til foreldrahlutverksins. Sameiginleg forsjá er gott dæmi um það (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Ísland var með síðustu löndum í Evrópu til að innleiða ný lög varðandi sameiginlega forsjá með barnalögum nr. 20/1992. Svíþjóð var hins vegar fyrsta landið af Norðurlöndunum til að heimila sameiginlega forsjá árið 1976. Nú fá foreldrar í Svíþjóð sjálfkrafa sameiginlega forsjá við skilnað en sækja þarf sérstaklega um undanþágu frá þeirri reglu. Önnur Norðurlönd eins og Noregur og Danmörk fylgdu svo á eftir í kjölfarið. Í ljósi nýrra lagabreytinga meðal annars um forsjá barna eftir skilnað hafa viðhorf samfélaga breyst í kjölfarið og hafa rannsakendur tekið þau fyrir og skoðað. Niðurstöður rannsókna á viðfangsefnum sem tengjast málum fjölskyldna við skilnað hafa gert rannsakendum kleift að veita aukna fræðslu og leiðbeiningar til almennings og ekki síst fagfólks (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Í skýrslu sem lögð var fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi (2015-2016) um búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum kom fram að fjölskylduform nútímans er orðið fjölbreyttara en áður tíðkaðist. Áður fyrr voru uppi hugmyndir um að kjarnafjölskylda samanstæði af karli og konu ásamt

barni/börnum. Mæður voru heimavinnandi og hugsuðu um börnin á meðan feður unnu úti og sáu fyrir fjölskyldunni með öflun tekna. Þessi skilgreining hefur breyst með nýjum samfélagsviðhorfum til fjölskyldunnar. Nútímafjölskylda er mismunandi og hefur tekið á sig nýjar myndir. Nú eru ekki gerðar athugasemdir ef einstætt foreldri og barn/börn búa saman og jafnvel þótt tvær fjölskyldur sameinist. Dæmi um síðast nefnt eru stjúp-fjölskyldur (Alþingi, 2015-2016). Segja má að skilnaður sé nú orðinn hluti af samtímanum þar sem klofning fjölskyldna telst nokkuð algeng. Sýn einstaklinga á gildi hjónabandsins hefur breyst með tímanum og er ekki eins og það var áður fyrr. Þrátt fyrir að algengi skilnaða hafi farið vaxandi mun hjónabandið haldast sem stofnun því flestir hefja nýja sambúð eftir skilnað eða giftast aftur. Ætla má að sérstaða skilnaðabarna hafi breyst, þ.e. áhrif stimpla sem einstaklingar fengu á sig fyrir að fæðast utan hjónabands heyra nú sögunni til. Það þarf ekki endilega að þýða að börnin verði fyrir minni tilfinningaröskun því rannsóknir hafa sýnt að fjölskylduklofning við skilnað getur verið börnum mjög erfið lífsreynsla (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008).

### **3 Hvað segja lögin?**

Þegar sótt er um skilnað er bæði í hjúskaparlögum og barnalögum lögð megináhersla á að sátt náist milli hjóna um fjárskipti með svo nefndum fjárskiptasamningi. Í honum er kveðið á um skiptingu eigna, lífeyris- og meðlagsgreiðslur. Einnig skiptir höfuðmáli að sátt náist um forsjá og lögheimili barns/barna undir 18 ára aldri svo og um rétt foreldra til umgengni við börnin (Hjúskaparlög nr. 31/1993; Barnalög nr. 76/2003). Verður vikið nánar að þessum atriðum hér að neðan.

#### **3.1 Hjúskaparlög**

Þegar hjón taka sameiginlega ákvörðun um að enda hjónaband sækja þau um leyfi til skilnaðar að borði og sæng og er þá skylt að veita þeim slíkt leyfi, sbr. 33. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Sótt er um slíkt leyfi hjá sýslumanni í viðeigandi umdæmi. Samkvæmt 5. gr. laganna lýkur hjúskap meðal annars við lögskilnað nema réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng hafi fallið niður vegna ákvæða 35. gr. sömu laga. Samkvæmt 42. gr. hjúskaparlaga hvílir sú skylda á herðum hjóna að leita sátta ef þau eiga saman ósjálfráða barn/börn, annað eða bæði, sem þau hafa forsjá fyrir. Þetta á þó ekki við ef þau hafa tekið sameiginlega ákvörðun um lögskilnað eftir skilnað að borði og sæng svo sem kveðið er á um í 2. mgr. 42. gr. laganna. Í tilvitnuðum hjúskaparlögum er einnig kveðið á um þá meginreglu að prestar eða einstaklingar í skráðu trúfélagi sem hafa fengið löggildingu ráðuneytisins fari með sáttatilraun milli hjóna. Víkja má frá þessari reglu ef annar eða báðir aðilar hjónabandsins tilheyra ekki trúfélagi. Getur þá sýslumaður eða dómari leitað eftir sáttum eftir því hvar málið er til meðferðar. Sáttatilraun skal að jafnaði gerð á síðustu sex mánuðum áður en mál er höfðað eða sett fram krafa um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað fyrir sýslumanni, en í síðasta lagi áður en skilnaður er veittur, sbr. 6. mgr. 42. gr. laganna. Af framangreindu er ljóst að áður en skilnaður er veittur skal sýslumaður eða dómari reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skipan forsjár yfir börnum ásamt fleiri atriðum sem síðar verður fjallað um (Hjúskaparlög nr. 31/1993).

#### **3.2 Barnalög**

Ekki er einungis unnt að framfylgja málum með réttindi foreldra að leiðarljósi heldur þarf einnig og ekki síður að huga að hagsmunum barnsins. Réttarstaða barnsins er þar af

leiðandi mikilvæg þegar umbreytingar í lífi þess standa yfir eins og við skilnað foreldra. Lög um málefni barna tóku fyrst gildi þann 1. nóvember árið 2003. Í 2. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003 kemur fram sú meginregla að ávallt skuli hafa það að leiðarljósi sem barninu er fyrir bestu þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess. Í a-lið 1. gr. laganna er meðal annars kveðið á um að börn eigi rétt á að þekkja báða foreldra sína. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. sömu laga á barn rétt á forsjá hjá annað hvort báðum eða öðru foreldri sínu þangað til það verður sjálfráða við 18 ára aldur. Í núgildandi barnalögum er einnig fjallað um foreldraskyldur gagnvart barni sínu. Þar kemur meðal annars fram að foreldrar skuli sýna barni sínu umhyggju og virðingu óháð forsjá og uppeldisskyldum með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi. Foreldrum ber skylda að gæta að velferð barnsins og vernda það fyrir hvers konar ofbeldi. Foreldri sem fer með forsjá barns hefur rétt til þess að ráða persónulegum málum þess og búsetu. Sama gildir um umgengnisrétt barnsins við báða foreldra sína þrátt fyrir að annað foreldrið fari eitt með forsjá barnsins, enda raski það hvorki högum þess né hætta stafi af slíkri umgengni (Barnalög nr. 76/2003).

Lögum um forsjá var breytt í barnalögum árið 2006, sbr. lög nr. 69/2006, og varð meginreglan sú að foreldrar fengu sameiginlegt forræði eftir skilnað eða sambúðarslit, sbr. 1. mgr. 31. gr. barnalaga. Í sömu lagagrein er tekið fram að sýslumanni sé skylt að ráðleggja foreldrum hvaða merkingu sameiginleg forsjá hefur og þau réttaráhrif sem varða skráningu lögheimili barns. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. býðst foreldrum sérfræðiráðgjöf hjá sýslumanni varðandi forsjár-, umgengnis-, lögheimilis- og dagsektarmála. Markmið ráðgjafarinnar er að aðstoða foreldra með tilliti til velferðar barnsins. Ef slík ráðgjöf skilar ekki tilskyldum árangri er hægt að veita foreldrum svokallaða sáttameðferð áður en höfðað er mál fyrir dómstólum samkvæmt 1. mgr. a-liðar 33. gr. Tilgangur sáttameðferðar er að aðstoða foreldra að gera samning um framangreind atriði og finna lausn mála með hagsmuni barnsins að leiðarljósi, sbr. 2. mgr. ákvæðsins. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðsins er gert ráð fyrir sérstökum sáttamanni. Skal hann vera hlutlaus aðili og benda á þá hagsmuni sem geta leitt til þess að máli ljúki með sátt. Ef foreldrar ná ekki samkomulagi er gefið út vottorð um sáttameðferð af sáttamanni samkvæmt 5. mgr. ákvæðsins. Í vottorðinu koma meðal annars fram helstu ágreiningsmál sáttameðferðar sem og viðhorf foreldra og sjónarmið barns. Hagsmunir barnsins þurfa þó alltaf að vera í fyrirrúmi samkvæmt 6. mgr. ákvæðsins. Náist ekki sátt í málum og foreldra greinir enn á um forsjá eða lögheimili barns sker dómari úr málinu, sbr. 1. mgr. 34. gr.

laganna. Í 5. mgr. 34 gr. er fjallað um ákvörðun dómara varðandi meðlag og hvernig umgengnisrétti barns og foreldris skal háttáð. Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. kemur fram að hafi verið úrskurðað um umgengnisrétt þess foreldris sem fer ekki með forsjá er hægt að beita dagsektum ef foreldrið með forsjá barns beitir tálmun. Með tálmun er átt við þegar forsjáraðili neitar hinu foreldrinu umgengni við barn sitt. Það foreldri sem á umgengnisréttinn getur gert kröfu til sýslumanns að skylda forsjáraðilann til að láta af tálmun með dagsektum, sbr. 2. mgr. 48 gr. laganna (Barnalög nr. 76/2003).

### **3.3 Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna**

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna hefur barn rétt á að halda tengslum við báða foreldra sína við aðskilnað svo framarlega sem það er barninu ekki í óhag. Í 1. mgr. 12. gr. sáttmálans kemur fram að tryggja skuli öllum börnum, sem myndað geta eigin skoðanir, rétt til þess að láta þær í ljós með aldur þeirra og þroska að leiðarljósi. Einnig að þau fái tækifæri til að tjá sig um mál sem þau varða, annað hvort beint eða með atbeina annars aðila eða stofnunar. Fram kemur í 1. mgr. 18. gr. að aðildarríki skuli eftir fremsta megni standa vörð um þá meginreglu sem er að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á uppeldi barns og komi því til vits og þroska (Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna, e.d.).

## 4 Tölfræði

Í töflunni hér að neðan má sjá hlutfallslega skiptingu kjarnafjölskyldna á Íslandi.<sup>1</sup>

Tafla 1 - Hlutfall þeirra sem skilgreindir eru í kjarnafjölskyldu

Mannfjöldi í kjarna-fjölskyldum eftir árum	Einstaklingar	Hjónaband án barna	Hjónaband með börnum	Óvígð sambúð án barna	Óvígð sambúð með börnum	Karl með börn	Kona með börn
2008	30.0%	17.9%	31.5%	2.2%	11.5%	0.8%	9.4%
2009	30.5%	18.4%	31.6%	2.1%	11.7%	0.8%	9.5%
2010	31.8%	18.7%	30.9%	2.0%	11.8%	0.8%	9.8%
2011	30.1%	17.9%	28.8%	1.9%	11.3%	0.8%	9.1%
2012	30.4%	18.2%	28.2%	2.0%	11.4%	0.8%	9.0%
2013	30.6%	18.4%	27.6%	2.1%	11.4%	0.8%	9.1%
2014	31.0%	18.6%	27.2%	2.1%	11.4%	0.8%	9.0%
2015	31.3%	18.7%	26.6%	2.2%	11.7%	0.8%	8.8%
2016	31.8%	18.8%	26.1%	2.3%	11.7%	0.8%	8.6%
2017	32.4%	18.8%	25.7%	2.4%	11.6%	0.8%	8.3%
2018	33.3%	18.8%	25.5%	2.4%	11.2%	0.8%	8.0%

Í töflu 1 má sjá samsetningu kjarnafjölskyldu samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands. Af kjarnafjölskyldum á Íslandi árið 2018 voru alls 25,5% hjóna með börn. Þör sem skráð voru í sambúð og áttu börn voru alls 11,2%. Af einstæðum foreldrum með börn voru mæður í meirihluta eða 8,0 % á meðan einstæðir feður voru 0,8% (Hagstofa Íslands, e.d-a).

Samkvæmt þessum tölum er hægt að sjá hlutfall allra flokkanna á milli ára. Athyglisvert er að samkvæmt þessum tölum virðist hlutfall allra flokka nema einstaklinga og hjóna með barn haldast nokkuð jafnt á árabílinu sem skoðað er eða frá árinu 2008-2018. Einstaklingum fer fjölgandi í árunna rás og fer úr 30% árið 2008 í að vera 33,3% árið 2018. Hlutfall hjóna með barn dregst saman úr 31,5% árið 2008 og verður 25,5% árið 2018 (Hagstofa Íslands, e.d.). Samkvæmt vef Hagstofu Íslands eru stjúpfjölskyldur flokkaðar sem kjarnafjölskylda þrátt fyrir að slík skilgreining komi ekki beint fram. Af því leiðir að


<sup>1</sup> Hagstofan skilgreinir kjarnafjölskyldu sem þör, gift eða í óvígðri sambúð með eða án barns/barna yngri en 18 ára. Einnig er kjarnafjölskylda skilgreind sem einstaklingur með barn/börn yngri en 18 ára á framfæri sínu (Hagstofa Íslands, 2018).



erfitt er að segja til um hve margar stjúp fjölskyldur séu til á Íslandi (Valgerður Halldórsdóttir, 2018).

#### 4.1 Tíðni skilnaða

Tíðni skilnaða jókst talsvert frá árinu 1970 á Norðurlöndunum. Hins vegar fór skilnaðarbylgjan á Íslandi seinna af stað og hefur tíðni skilnaða haldist í gegnum árin. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands endar þriðja hvert hjónaband á Íslandi með skilnaði (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008).



Mynd 1 - Þróun lögskilnaða og sambúðarslita á árunum 1961-2011


Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands urðu fyrstu lögskilnaðir á Íslandi ekki fyrr en í byrjun tuttugustu aldar og voru þá alls 7 lögskilnaðir skráðir. Fyrstu gögn um sambúðarslit eru hins vegar ekki skráð fyrr en árið 1991. Eins og sjá má á mynd 1 hér að framan hefur lögskilnuðum á Íslandi fjölgað jafnt og þétt yfir tímabilið sem skoðað var. Árið 1961 voru þeir alls 161 talsins en alls 516 árið 2011. Tölur fyrir árið 2011 eru þær nýjustu frá Hagstofu Íslands. Tíðni sambúðarslita fór ört vaxandi á árunum 1991-1997 og náðu þá hámarki, alls 926 sambúðarslit. Eftir það dró nokkuð skarpt úr þeim og árið 2011 voru þau orðin 675 talsins sem er nokkurn veginn það sama og þau voru árið 1991 þegar sambúðarslitin voru 645 talsins (Hagstofa Íslands, e.d-b; Hagstofa Íslands, e.d-c).

Efnahagshrunið á Íslandi árið 2008 hafði ekki mikil áhrif á hjónabönd. Tíðni skilnaða jókst því ekki heldur stóð í stað (Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Þegar skoðaðar eru tölur yfir tíðni hjónaskilnaða á vefsíðu Eurostat eru nýjustu tölur varðandi Ísland frá árinu 2011. Tölur hinna landanna sem skoðuð voru eru aftur á móti nýrri. Til að samanburðurinn sé marktækur verða skoðaðar tölur frá árunum 2007-2011, sbr. töflu 2 hér að neðan.

**Tafla 2 - Tíðni skilnaða úr gögnum Eurostat**

	2007	2008	2009	2010	2011	Meðaltal
<b>Evrópusambandið</b>	42,4%	42,8%	42,7%	44,3%	46,1%	43.7%
<b>Danmörk</b>	38,5%	39,3%	45,4%	46,7%	53,3%	44.6%
<b>Króatía</b>	20,7%	21,5%	22,7%	23,8%	28,0%	23.3%
<b>Pólland</b>	26,8%	25,4%	26,1%	26,8%	31,3%	27.3%
<b>Svíþjóð</b>	43,2%	42,5%	47,0%	47,2%	49,8%	45.9%
<b>Ísland</b>	30,0%	33,4%	37,2%	36,4%	35,4%	34.5%
<b>Noregur</b>	43,8%	40,4%	42,1%	43,9%	44,5%	42.9%


Árið 2007-2011 var meðaltal einstaklinga sem skildu á Íslandi 34,5% á meðan það var hæst í Svíþjóð eða 45,9%. Allar hinar Norðurlandþjóðirnar og þjóðir Evrópusambandsins voru með hjónaskilnaðarhlutfall sem var yfir 40% eins og sjá má í töflunni. Fróðlegt er að sjá að Króatía og Pólland skera sig töluvert úr samanburðartöflunni þar sem skilnaðarhlutfall þeirra er á bilinu 23.3%-27.3% sem er liðlega 20% lægra en það sem þekkist á Norðurlöndunum sbr. töflu 2 hér að framan (Eurostat, e.d).




**Mynd 2 - Fjöldi barna úr lögskilnuðum og sambúðarslitum á Íslandi**

Á mynd 2 má sjá fjölda barna á Íslandi sem hafa upplifað lögskilnað og sambúðarslit foreldra sinna. Samkvæmt gögnunum eru ekki miklar breytingar á milli ára (Hagstofa

Íslands, e.d-d; Hagstofa Íslands, e.d-e). Árið 2011 var algengast á Íslandi að foreldrar fimm ára barna sæktu um lögskilnað. Foreldrar sem fóru í gegnum sambúðarslit árið 2011 áttu flestir börn á eins árs aldri (Hagstofa Íslands, e.d-f).



**Mynd 3 - Forsjá barna við lögskilnað á Íslandi**



**Mynd 4 - Forsjá barna við sambúðarslit á Íslandi**

Þegar skoðuð eru gögn um forsjá barna við lögskilnaði og sambúðarslit kemur fljótt í ljós að lögleiðing sameiginlegrar forsjár árið 1992 hafði tafarlaus áhrif. Eftir lagabreytinguna dró hratt úr málum þar sem móðir fór ein með forsjá barna sinna við sambúðarslit og lögskilnað en á sama tíma jókst sameiginleg forsjá hratt. Fram til ársins 1992 var mæðrum nánast eingöngu dæmd forsjá barna sinna en í lok tímabilsins sem

skoðað var til ársins 2011 er forsjáin nánast alltaf sameiginleg, þó með einhverjum undantekningum (Hagstofa Íslands, e.d-g; Hagstofa Íslands, e.d-h).

## 4.2 Árangur sáttameðferðar hjá sýslumönnum

Fróðlegt er að kanna nánar áhrif sáttameðferðar hjá sýslumönnum. Til að kanna áhrifin óskaði innanríkisráðuneytið eftir tölfræðigögnum frá öllum sýslumannsembættum landsins fyrir árin 2011 – 2015. Hér verður greint frá þeim málum sem þurftu að fara í gegnum sáttameðferð eftir árið 2013 vegna ágreinings.

Tafla 3 - Sáttameðferðir

	Fjöldi forsjár eða lögheimilismála á landinu öllu	Fjöldi forsjár eða lögheimilismála á landinu öllu sem fóru í sáttarmeðferð	Fjöldi mála þar sem sættir tókust	Hlutfall mála þar sem sættir tókust
<b>2011</b>	741			
<b>2012</b>	768			
<b>2013</b>	1130	126	58	46.0%
<b>2014</b>	1187	188	84	44.7%
<b>2015</b>	939	243	95	39.1%

Eins og sést í töflu 3 hefur fjöldi mála í sáttameðferð hjá sýslumönnum aukist jafnt og þétt síðan hún hófst árið 2013. Hlutfall mála sem lauk með sátt og meðferð taldist áhrifarík og er á bilinu 39,1%-46% eins og fram kemur í töflu 3. Mál sem ekki næst sátt í fara til dómstóla og verður fjöldi þeirra mála skoðaður í næstu töflu (Innanríkisráðuneyti, 2016).

Tafla 4 - Mál fyrir héraðsdómstólum

	2011	2012	2013	2014	2015
Heildarfjöldi höfðaðra forsjár- eða lögheimilismála fyrir héraðsdómstólum	90	89	44	47	55

Eftir að svonefnd sáttameðferð hófst árið 2013 hefur fjöldi mála sem höfðuð voru fyrir héraðsdómstólum fækkað úr 89 málum árið 2012 í 44 mál árið 2013. Fjöldi mála fækkar þannig um 49,4% á milli ára. Þegar bornar eru saman tölur úr töflu 3 og 4 hér að framan sjást áhrif sáttameðferðar. Þær tölur eru athyglisverðar og gefa til kynna að fjöldi forsjár- eða lögheimilismála hafi aukist töluvert síðan sáttameðferð hófst. Á sama tíma hefur dregið talsvert úr þeim málum sem fara fyrir héraðsdóm. Af heildarmálum sem

koma til héraðsdóms verður töluverð fækkun eða úr 11,5% árið 2012 í 5,8% árið 2015  
(Innanríkisráðuneyti, 2016)

## 5 Kenningar

Í rannsóknnum er nauðsynlegt að öðlast skilning á fræðilegum bakgrunni þess viðfangsefnis sem rannsakað er svo hægt sé að skilja og útskýra niðurstöður (Pryor, 2014). Hér á eftir verður reynt að gera grein fyrir helstu kenningum sem varða skilnaði.

### 5.1 Fjölskylduauður

Samkvæmt félagsfræðingnum James Coleman er félagsauður skilgreindur sem gerð tengsla á milli einstaklinga. Tengslin verða svo að auðlindum fyrir einstaklinga til að nýta sér sem bjargir og verða þær hluti af því tengslaneti sem einstaklingarnir tilheyra (Sjöfn Vilhelmsdóttir og Gunnar Helgi Kristinsson, 2010). Ef líkja á félagsauð við bankastarfsemi þurfa meðlimir í fyrsta lagi að eignast hlut í auð fjölskyldunnar til þess að vegna vel, það er að segja að eiga innistæðu í bankanum. Í öðru lagi þurfa einstaklingar innan fjölskyldunnar sjálfsvitund og sameiginlega aðild til að hafa aðgang að auðnum sem er haldinn af henni. Félagsauður er í upphafi byggður af pari sem myndar fjölskyldu. Almennt taka pör sameiginlegan þátt í að byggja upp auðinn fyrir fjölskylduna. Þau gera það með því að búa til reglur, væntingar, siði og gildi sem munu ríkja innan fjölskyldunnar. Í komandi tíð býr parið svo til minningar saman sem verða að verðmæti fjölskyldunnar. Mikilvægur þáttur í þessu ferli er að það ríki gagnkvæmt traust innan fjölskyldunnar sem leiðir til tilfinninga eins og að tilheyra fjölskyldunni og hvað hún stendur fyrir (Pryor, 2014).

Önnur upptök auðsins er kynslóðaflutningur. Með því er átt við að þau gildi og viðhorf sem fjölskyldan hefur byggt upp eru flutt yfir á næstu kynslóðir. Þetta þýðir að „auður“ afa og ömmu flyst til barna og seinni kynslóða. Það fer oftast eftir menningu og kynþætti hvorrar fjölskyldu hvernig og hvort auðnum í fjölskyldunni er komið yfir á næstu kynslóðir (Pryor, 2014). Skilnaðir hafa áhrif á tengslanet fjölskyldunnar eins og meðal annars samband barna við ömmur og afa, sérstaklega föðurmegin. Við skilnað dofna tengslin og þar af leiðandi veikist bakland foreldra og barna. Jafnframt verður aðgengi síðari kynslóða að fjölskylduauðnum ójafnt, sérstaklega ef ágreiningur er uppi milli aðila (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

## 5.2 Fjölskyldukerfiskenning

Frá sjónarhorni fjölskyldukerfiskenningarinnar er fjölskyldan talin vera miðdepill alls. Með því er átt við að fjölskyldan er samþætt heild þar sem einstaklingar innan hennar þurfa ekki að vera tengdir, hvorki lagalega né líffræðilega. Út frá þessu sjónarhorni er fjölskyldunni lýst sem kerfi þar sem allir einstaklingar innan kerfisins tengjast á mismunandi hátt (Pryor, 2014). Til þess að geta skilið fjölskyldukerfið er mikilvægt að horfa á það sem heild. Skoða þarf fjölskyldukerfið út frá öllum þáttum þeirra einstaklinga sem því tilheyra. Þeir þættir eru meðal annars tengsl, samskipti og hegðun þeirra gagnvart öðrum meðlimum fjölskyldunnar. Kenningin einblínir á samskipti bæði innan fjölskyldunnar og annarra stærri kerfa í kring. Stærri kerfi eru meðal annars heilbrigðiskerfið, menntakerfið og önnur kerfi sem fjölskyldan hefur samskipti við. Hver einstaklingur innan fjölskyldukerfisins tilheyrir svo mismunandi undirkerfum. Má þar til dæmis nefna undirkerfi eins og samband móður við barn sitt. Móðirin tilheyrir svo öðrum undirkerfum eins og samband hennar við maka og aðra fjölskyldumeðlimi. Tveir eða fleiri einstaklingar geta tilheyrt sama undirkerfinu eins og til dæmis systkini. Með breyttum og flóknari fjölskyldugerðum nútímans meðal annars vegna skilnaða og nýrra sambanda er vert að hafa í huga að fjölskyldukerfinu er kleift að endurskilgreinast og búa til ný undirkerfi. Kenningin lýsir því einnig hvernig breytingar hjá einum meðlim innan fjölskyldukerfisins hefur áhrif á allt kerfið (Metha, Cohen, og Chan, 2009).

Í undirkerfum verða til gagnkvæm tengsl á milli einstaklinga út frá virkni þeirra. Má þar nefna til dæmis barn sem er í nánnum samskiptum við báða foreldra sína. Virknin hefur einnig áhrif á önnur tengsl eins og samskipti á milli foreldra. Samskiptin á milli foreldra hafa þar af leiðandi áhrif á barnið. Fjölskyldukerfið verður þar með fyrir áhrifum og veldur þannig áhrifum hjá einstaklingum innan þess. Við þetta myndast tvíþætt sambönd innan fjölskyldunnar. Lykilatriði í fjölskyldukerfiskenningunni er hæfni fjölskyldna að finna stöðugleika þegar hún verður fyrir utanaðkomandi breytingum. Með því að halda stöðugleika innan fjölskyldunnar ríkja ákveðnar reglur og gildi innan hennar sem hver og einn fjölskyldumeðlimur á að fara eftir. Ef einn meðlimur fer ekki eftir þeim reglum og gildum, styrkist fjölskyldan í að halda í stöðugleikann þrátt fyrir breytingar. Sjálfstæður stöðugleiki innan fjölskyldunnar er geta hennar til að endurskipuleggja nýjar áskoranir sem hún verður fyrir. Þær áskoranir geta verið til dæmis skilnaður, ný sambönd og þar af leiðandi ný hlutverk. Við þær áskoranir er þörf á endurskipulagi fjölskyldunnar til þess að

hún geti aðlagast nýjum og breyttum aðstæðum. Nauðsynlegt er því að jafnvægi sé á milli stöðugleika og sveigjanleika innan fjölskyldunnar (Pryor, 2014).

### 5.3 Tengslakenning

Tengslakenninguna má rekja til frumkvöðulsins John Bowlby. Hann taldi að rekja mætti andlega heilsu og hegðunarferðleika einstaklinga til barnæsku. Umfang kenningarinnar hefur stækkað talsvert frá byrjun sjöunda áratugarins og er hún mikið notuð í fjölskyldu- og hjónabandsráðgjöf. Kenningin fjallar fyrst og fremst um samband á milli tengslamyndunar einstaklinga í æsku og á fullorðinsárum. Hugmyndir Bowlby um tengsl eru þróaðar út frá atferliskerfi sem verður til í æsku. Við fæðingu eru ungabörn berskjölduð og leita sjálfkrafa eftir snertingu og nærveru frá umönnunaraðila. Með þessu atferli er markmiðið að finna fyrir öryggi og að komast lífs af. Í flestum tilvikum, þegar ungabarn hefur myndað tengsl við umönnunaraðila sinn, hefur hann róandi áhrif á barnið og veitir því öryggi og hlýju (Smith, 2006). Kenningin hefur ekki einungis fjallað um mikilvægi tengslamyndunar í æsku heldur einnig hvaða áhrif hún hefur á samskipti síðar á lífsleiðinni. Erfiðleikar við tengslamyndun í æsku geta meðal annars leitt til vanda í nánnum samböndum, lélegs sjálfstrausts og andfélagslegrar hegðunar (Cornell og Hamrin, 2008).

### 5.4 Kreppukenning

Flest allir einstaklingar verða fyrir áföllum einhvern tíma á lífsleiðinni. Áföllin sem einstaklingar verða fyrir geta verið margvísleg eins og til dæmis skilnaðir, dauðsföll, ofbeldi, náttúruhamfarir og fleira. Viðbrögð einstaklinga við áföllum eru mismunandi og jafnframt hvernig þeir vinna úr þeim. Þessir þættir hafa áhrif á það hverjar afleiðingar áfallsins verða. Sumir nýta reynslu sína eftir áfallið á jákvæðan og uppbyggilegan hátt á meðan aðrir verða fyrir neikvæðum langtíma áhrifum af völdum áfallsins. Fræðimenn hafa beitt mismunandi aðferðum í því skyni að skilja betur tilbrigði sem tengjast viðbrögðum einstaklinga við streitu. Kreppukenning er gagnleg aðferð þegar rannsökuð eru breytileg viðbrögð einstaklinga við atburðum í lífi þeirra og sérstaklega áföllum eins og skilnaði. Kenningin skilgreinir kreppu sem ferli af óstöðugum aðstæðum þar sem fyrri lífsreynsla dugir ekki til við að takast á við breytt ástand eftir áfall. Samkvæmt kenningunni er nauðsynlegt að leysa úr þessu ferli á tilfinningalegan og hagkvæman hátt. Kenningin greinir frá því að allir atburðir sem valda djúpstæðum áhrifum á einstaklinga hafi ekki



alltaf neikvæðar afleiðingar. Kreppan getur stuðlað að persónulegum vexti einstaklinga og styrkt þá verulega á sama tíma. Áföll sem einstaklingar verða fyrir þurfa því ekki óhjákvæmilega að valda skaða heldur geta þau haft gagnleg áhrif á líf þeirra. Einstaklingar þroskast út frá persónulegri og félagslegri reynslu og hafa því mismunandi forsendur og viðhorf til sjálfs sín og lífsins. Í ljósi þess er mismunandi hvað einstaklingar upplifa sem erfiða atburði og því skilgreina ekki allir áföll á sama hátt (Reynolds og Turner, 2008).

## 6 Innlendar rannsóknir

Á undanförunum árum hafa skilnaðir talsvert verið rannsakaðir, bæði erlendis og á Íslandi. Rannsóknir á þessu fyrirbæri urðu hins vegar tíðari í kjölfar fjölgunar skilnaða eftir árið 1970. Fræðimenn rannsökuðu þá betur áhrif skilnaðar á börn og þær afleiðingar sem þeim fylgir. Þekking á sviði skilnaða hefur þar af leiðandi aukist og áhersla verið lögð á mikilvægi velferðar barna eftir skilnað (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Á Íslandi hafa skilnaðir ekki verið eins mikið rannsakaðir og víða í vestrænum samfélögum en þær hafa þó aukist með tímanum. Við þróun löggjafar á Íslandi varðandi sameiginlega forsjá og umgengnisrétt foreldra hafa aðstæður eftir skilnað breyst bæði hjá foreldrum og börnum (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

### 6.1 Forsjá

Áður en ákvæði var sett í barnalög nr. 20/1992 þess efnis að hjón gætu samið um sameiginlega forsjá var fyrsta rannsóknin gerð árið 1994 og var það ár kallað „Ár fjölskyldunnar“. Sú rannsókn var nefnd „Barnafjölskyldurannsóknin“. Hún var gerð af félagsráðgjöfunum Sigrúnu Júlíusdóttur og Nönnu Sigurðardóttur ásamt Friðriki H. Jónssyni og Sigurði J. Grétarssyni, sálfræðingum. Markmið rannsóknarinnar var að skoða viðhorf og reynslu foreldra og barna í fimm ólíkum fjölskyldugerðum af skilnaðarmálum á Íslandi. Við niðurstöður kom í ljós að langoftast voru það mæður sem fóru alfarið með forsjá barna sinna og töldu þær sig nokkuð sáttar með fyrirkomulagið. Áherslur og sjónarmið foreldranna voru misjöfn til foreldrasamstarfsins og fór það eftir kyni foreldra. Flestar mæðurnar töldu ekki þörf fyrir sameiginlega forsjá. Hins vegar voru feður ekki sömu skoðunar og vildu 76% þeirra breytingar og óskuðu eftir sameiginlegri forsjá. Niðurstöður í tilgreindri rannsókn sem og annarra leiða í ljós að skilnaður er fyrirbæri sem veldur mesta raski og álagi fyrir bæði foreldra og börn. Miklar breytingar eiga sér stað í kjölfarið og hefur það áhrif á tengsl barna við fjölskyldumeðlimi. Tengslarof hjá börnum á sér gjarnan stað vegna flutnings annars foreldris af heimilinu sem leiðir til þess að það foreldri verður ekki í eins miklum samskiptum við barnið og áður. Getur slíkt mynstur einnig valdið skertum samskiptum barnsins við ömmu og afa þess foreldris. Við flutninga skipta börn oft um skóla sem veldur því að breytingar eiga sér stað í lífi barnanna varðandi

vinatengsl og aðra þætti hversdagsleikans (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008).

Nokkrum árum seinna eða eftir breytta löggjöf um sameiginlega forsjá var gerð önnur rannsókn á reynslu foreldra af breytingunum og var framhaldsrannsókn af Barnafjölskyldurannsókninni. Hún nefnist „Áfram foreldrar“ og var unnin af Sigrúnu Júlíusdóttur og Nönnu K. Sigurðardóttir árið 2000. Stór hluti rannsóknarinnar var samanburður á reynslu frásildra fjölskyldna fyrir og eftir breytta löggjöf. Markmiðið með rannsókninni var m.a. að skoða áhrif sameiginlegrar forsjár á samskipti og samveru foreldra og barna. Rannsóknin sýndi að foreldrar voru almennt jákvæðir gagnvart sameiginlegri forsjá og voru flestir sammála um að barn gæti átt tvö skráð lögheimili. Í ljós kom að við sameiginlega forsjá er samvera foreldra og barna meiri heldur en ef annað foreldrið er alfarið með forsjá. Auk þess komu fram minni líkur á tengslarofi sem leiddi til þess að samband barna við báðar fjölskyldur sínar hélst frekar. Jafnframt var dregin sú ályktun að góð samskipti foreldra eftir skilnað styrkir þau í sameiginlegri ábyrgð gagnvart foreldrahlutverkinu og sameiginlegri framfærslu. Með ákvörðun foreldra á vali um sameiginlega forsjá má ætla að minni líkur séu á að skilnaðurinn valdi börnum þeirra skaða (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Sameiginleg forsjá dregur úr hegðunarvanda og bætir líðan barna, bæði tilfinningalega og félagslega. Börn sem eiga frásilda foreldra kljást við meira óöryggi og kvíða en önnur börn. Þegar góð samvinna foreldra er í fyrirrúmi og báðir foreldrar virkir þátttakendur í lífi barnsins eykur það vellíðan og aðlögunarhæfni þess. Nú fara u.þ.b. 90% foreldra með sameiginlega forsjá eftir skilnað eða sambúðarslit (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

## **6.2 Áhrif skilnaðar á börn**

Vegna aukningar skilnaða víða um heim fer þeim börnum fjölgandi sem alast upp í frásildum fjölskyldum. Þrátt fyrir mikla tíðni skilnaða er oft erfitt fyrir börn að aðlagast þeim breyttu aðstæðum sem þau standa frammi fyrir. Ef skoðaðar eru rannsóknir frá síðustu áratugum eru niðurstöður þeirra samhljóma þess efnis að skilnaðarbörn séu líklegri til að glíma við erfiðleika og vanlíðan (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Sérhvert barn bregst á mismunandi hátt við skilnaði foreldra sinna. Viðbrögðin fara eftir aldri og þroska barnsins og hvernig rætt er við það um skilnaðinn.

Mikilvægt er því að huga vel að líðan þess. Algengustu tilfinningar sem börn upplifa við skilnað foreldra sinna eru kvíði og sorg (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Rannsóknin „Ungmenni og ættartengsl“ var gerð árið 2008 um reynslu og sýn skilnaðarbarna. Hún fjallar um viðhorf og reynslu ungmenna í framhaldsskóla af skilnaði foreldra sinna. Niðurstöður úr rannsókninni sýndu að flest börnin fengu stuðning frá móður í kjölfar skilnaðar eða um 65%. Við niðurstöður kom einnig í ljós að miklu máli skiptir hvernig staðið er að málum varðandi áhrif skilnaðar á börn. Börnin voru spurð hvernig þau komust að fyrirhuguðum skilnaði foreldra sinna og var 30% barna ekki sagt frá honum og í 40% tilvika var það móðirin sem upplýsti þau um skilnaðinn. Varðandi búsetu þess foreldris sem barnið átti ekki lögheimili hjá sögðu flest þeirra sem svörðu að fjarlægðin væri ekki í göngufæri heldur þyrfti að aka á milli í 10-30 mínútur. Í fæstum tilvikum var fjarlægðin á milli heimila í stuttu göngufæri. Jafnframt kom fram að algengara var að foreldrar stofnuðu til nýrrar sambúðar eftir skilnað. Í meirihluta tilfella hófu mæður og feður sambúð að nýju innan árs eftir skilnaðinn eða um 70% (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008).

Eigindleg rannsókn var gerð árið 2013 um fjölskyldutengsl eftir skilnað og var unnin af Sigrúnu Júlíusdóttur og Sólveigu Sigurðardóttur. Hún fjallar nánar tiltekið um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl og kannar hvaða áhrif skilnaður hefur á lífsgæði barna. Í ljós kom að eftir því sem foreldrasamvinnan var meiri því betur leið barninu. Með slíkri samvinnu varð aðlögun barnsins auðveldari og gekk því t.d. betur í námi. Foreldrar töluðu um að börnin ættu í erfiðleikum þegar ósætti ríkti á milli foreldra eftir skilnað. Börnin tóku ósætti foreldra sinna inn á sig og settu þau í flókna tilfinningalega stöðu. Við skilnað verða foreldrar oft uppteknir af sjálfum sér. Þar af leiðandi beinist athygli þeirra ekki beint að börnunum sjálfum heldur að málum sem þau varða, sérstaklega á meðan deilur og átök standa yfir. Við slíkar aðstæður reyna foreldrar frekar að sniðganga vanlíðan barnsins í stað þess að láta sig hana varða. Stöðugleiki var mikilvægur fyrir börnin og lögðu flestir foreldrar áherslu á að halda honum eftir bestu getu. Einnig er fjallað um búsetu innan sama hverfis, samveru og samband foreldra og barna. Hjá sumum börnum virtist aðlögunin eftir skilnað ganga verr en hjá öðrum. Ástæða þess var talin sú að

aðlögunin væri erfiðari hjá þeim börnum þar sem deilur foreldra ríktu varðandi samskipti og önnur mál (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Árið 2004 vann Rannveig Guðmundsdóttir meistararitgerð sem heitir „Með augum barnsins“ og fjallar um reynslu 11 barna af skilnaði foreldra sinna. Í ritgerðinni var meðal annars skoðað hvernig börnin upplifðu skilnaðinn og brugðust við honum. Niðurstöður sýndu að börnin voru illa upplýst og síður undirbúin fyrir skilnaðinn. Börnin upplifðu sig ein, án stuðnings og gátu ekki haft nein áhrif á þær breytingar sem stóðu yfir. Börnin upplifðu ýmsar tilfinningar vegna skilnaðarins sem lýstu sér í reiði, ótta, sorg og í sumum tilvikum létti. Börnin fundu einnig fyrir ást, tryggð og samhug í garð foreldra sinna. Jafnframt voru börnin upptekin af velmegun foreldra sinna og óskuðu þess að foreldrar þeirra gætu orðið góðir vinir eftir skilnaðinn (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008).

### **6.3 Hlutverk barna eftir skilnað foreldra**

Í rannsókninni „Áfram foreldrar“ sem áður hefur verið nefnd er greint meðal annars frá foreldrum sem verða mjög uppteknir af eigin líðan við slit á samvistum. Þeir eiga þar af leiðandi erfitt með að greina á milli sinna eigin tilfinninga og tilfinninga barna sinna. Við það falla oft tilfinningar barna í skuggann og röksemd foreldra þrýtur. Við þessar aðstæður fléttast ómeðvitað tilfinningar barna og foreldra saman og staða barnsins breytist gjarnan innan fjölskyldunnar. Hætta er á að barnið tileinki sér mismunandi framkomu og taki að sér ýmis hlutverk gagnvart sínum nánustu. Við slíkar aðstæður lendir barnið í erfiðri stöðu og verður berskjaldað í umhverfi sínu eins og til dæmis í skóla og frístund. Unglingar eiga það til að flýja aðstæður og verða uppteknir af sínu daglega amstri. Við slíkar aðstæður eru börn að aðlaga sig að nýjum breytingum sem verða við átök líkt og gerist við önnur áföll og kreppur (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Í bókinni „Börn og skilnaðir“ eftir sálfræðinginn Benedikt Jóhannsson er meðal annars fjallað um hlutverk barna eftir skilnað. Bókin er byggð á eldri rannsóknum sem og klínískri reynslu hans í starfi sínu með börnum. Þar vitnar Benedikt í erlenda fræðimenn, t.d. Teybers (1992), Næss, Undersruds (1987) og Gardners (1980). Nánar tiltekið fjallar Benedikt um þær miklu breytingar sem verða í lífi barnsins við skilnað og valda oftast töluverðum kvíða. Ein leið barnsins til að draga úr kvíðanum er að afneita skilnaðinum.

Barnið lifir í þeirri von að foreldrarnir taki saman á ný sem gæti leitt til þess að það þyrfti ekki að aðlagast nýjum aðstæðum, þ.e. skilnaði foreldra. Barnið leitar ráða og leiða til að reyna að koma í veg fyrir skilnaðinn. Þegar annað foreldrið er ósátt við skilnaðinn getur það ýtt undir þá óskhyggju barnsins að foreldrar þess taki saman á ný. Til eru dæmi þess að ósátta foreldrið noti barnið til að komast í nánari tengsl við hitt foreldrið. Þegar barn tekur að sér hlutverk bjargvættarins fylgir því oftast mikil vanlíðan sem getur þróað með sér flóknari vanda. Deilur foreldra eftir skilnað geta orðið fjandsamlegar og snúist upp í baráttu um forræði barns og umgengni við það eins og áður hefur komið fram. Baráttan um barnið verður því í brennidepli frekar en tilfinningar barnsins. Foreldrar deila til dæmis um hvort þeirra sé betra foreldri frekar en að leggja áherslu á samvinnu og velferð barnsins eftir skilnað. Barnið fær því hlutverk blóraböggulsins sem verður að vopni foreldra þess (Benedikt Jóhannson, 2004).

#### **6.4 Ágreiningur og deilur milli foreldra**

Samkvæmt rannsóknum er skilnaðarferlið sjálft ekki mesti skaðvaldur barna heldur hvernig haldið er áfram eftir það. Við skilnað er eðlilegt að upp komi árekstrar á milli foreldra. Til er hópur foreldra sem seint eða aldrei nær fullum sáttum eftir skilnað og ágreiningur heldur stöðugt áfram. Þessi tiltekni hópur foreldra er kallaður hinn harðsnúni hópur skilnaðarforeldra eða „High-conflict divorce”. Í fyrrnefndri rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og Sólveigar Sigurðardóttur frá árinu 2013 voru foreldrarnir sem tóku þátt flokkaðir í þrjá hópa. Í fyrsta hópnum voru foreldrar með hefðbundið fyrirkomulag eins og þekkst hefur áður fyrr, þ.e. barnið var með lögheimili hjá móður. Feður í tilgreindum hópi voru hins vegar með reglubundna umgengni við barnið. Samkomulag var gott á milli foreldra og deildu þeir jafnri ábyrgð. Í hópi tvö voru foreldrarnir kallaðir „Samtímaforeldrar” þar sem barnið naut samvista við báða foreldra og var samvinna, sveigjanleiki og samkomulag milli foreldra gott. Í þriðja hópnum var slíkt fyrirkomulag ekki í eins góðu lagi. Þar voru foreldrar stöðugt að takast á um hvernig slíkum málum skyldi háttað og áttu erfitt með að ná samkomulagi sín á milli. Sá hópur var kallaður „Ágreiningsforeldrar”. Samskiptamynstur þeirra einkenndist af deilum og ósætti í garð hvors annars sem leiddi stundum til mikilla átaka innan fjölskyldunnar og átti barnið til að gleymast. Samkomulag á milli ágreiningsforeldra var ekki með formlegum hætti sem gerði það að verkum að barnið varð oftast en ekki fyrir barðinu á heift foreldra sinna. Við slíkar

aðstæður urðu einnig tengslin á milli barnsins og ömmu og afa ekki eins góð. Yfirleitt voru það mæðurnar sem réðu ferðinni meðal annars varðandi umgengnistíma feðra við börnin sín. Af þeim sökum skapaðist gremja milli foreldranna og þá sérstaklega hjá öðru foreldrinu vegna ranglætis í sinn garð (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Ágreiningur og átök milli foreldra eftir skilnað geta verið af ýmsum ástæðum. Oftast snúast ágreiningsmál foreldra um deilur vegna forsjár, umgengni og eignaskipta. Sá tiltekni hópur foreldra á oft í miklum erfiðleikum og þarf sérstaka leiðsögn í skilnaðarferlinu. Eftir því sem ágreiningur er meiri því strangari eftirfylgni þurfa foreldrar gagnvart sinni háttsemi. Ekki eins mikil þekking hefur verið á þessum tiltekna hópi foreldra og jafnframt áhrifum þess á barnið sem er oft miðdepill ágreiningsins. Í ljós kom þó að foreldrarnir voru hlynntir því að fá aðstoð varðandi leiðsögn um bætt foreldrasamstarf en töldu sig hins vegar ekki færa um að framfylgja því. Foreldrar úr framangreindum hópi áttu það til að verða reiðir þegar spurt var um barnið og heimilisaðstæður. Einnig áttu þeir erfitt með að halda sig við efnið og fóru að tala um sín persónulegu mál og tilfinningar (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Gerð var könnun á skilnaðarmálum frá árunum 2006-2010 hjá öllum héraðsdómum á Íslandi. Í niðurstöðum kom í ljós að í um 33% tilvika var um ágreining að ræða í hjónaböndum. Meirihluti eða um 67% ágreiningsmála kom frá pörum í sambúð hvort heldur sem um var að ræða vígða eða óvígða sambúð. Auk þess komu ágreiningsmál frá pörum í engri sambúð. Dæmi um síðast nefnt er þar sem á barn/börn saman en býr sitt í hvoru lagi og eiga ekki sama lögheimili. Af þeim foreldrum sem glímdu við ágreining og átök eftir skilnað voru mæður í meirihluta sem áttu við margþættan vanda að stríða. Þessar tilteknu fjölskyldur áttu sögu um vandamál sem tengdust meðal annars áfengis- og vímuefnaneyslu, ofbeldi og geðrænum vanda ásamt tilkynningum til barnaverndar. Janet R. Johnstone er félagsráðgjafi og hefur með rannsóknum sínum fjallað um hegðun þessa hóps foreldra í garð hvors annars. Hegðunarmynstur þessara foreldra lýsir sér oft í miklum skorti á trausti. Má þar nefna dæmi um að annað foreldrið treystir ekki hinu foreldrinu til þess að vera eitt með barnið þar sem það telur foreldrahæfni þess ekki mikla. Þannig getur stöðugur ágreiningur verið á milli foreldra um þátttöku þeirra í foreldrasamvinnu og samskiptum við barnið. Þegar foreldrar eiga í erfiðum samskiptum

sín á milli eykur það líkur á minni lífsgæðum barna (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Í rannsókn um reynslu uppkominnna barna sem heitir „Raddir skilnaðarbarna“ var meðal annars skoðuð reynsla þeirra á uppvaxtarárum sem við kemur jafnri búsetu. Niðurstöður rannsóknarinnar voru svo gefnar út árið 2016. Rannsóknin var unnin af Sigrúnu Júlíusdóttur, Sólveigu Sigurðardóttur og Dögg Pálsdóttur. Þar kom í ljós að meirihluti barnanna töldu jafna búsetu afar jákvæða og fannst gott að eiga í góðum samskiptum við báða foreldra. Þar var greint frá að góð tengsl við báða foreldra var ríkjandi og voru viðmælendur ánægðir með samskipti og samstarf foreldra sinna. Með því virtust foreldrar halda sínum árekstrum og ósætti vegna skilnaðarins frá börnunum. Aftur á móti lýstu sumir viðmælendur stöðu sinni þannig að með því að búa til jafns á báðum heimilum leiddi það ekki alltaf til eintómrar sældar. Þeir yrðu oft á tíðum varir við reiði og beiskju foreldra sinna í garð hvors annars. Einnig kom fram að við ágreining milli foreldra varðandi fyrirkomulag töldu viðmælendur hann stafa af ósamræmi í reglum og siðum innan heimilanna (Sigrún Júlíusdóttir, Sólveig Sigurðardóttir og Dögg Pálsdóttir, 2016).



## 7 Erlendar rannsóknir

Þrátt fyrir að ekki sé til skýr skilgreining á harðsnúnum skilnaðardeilum milli foreldra hafa fræðimenn verið sammála um að mikil átök við skilnað einkennist af langvarandi átökum milli foreldra. Átökin lýsa sér í miklum fjandskap, ásökunum, gagnrýni, vantrausti og vanhæfni til að taka ábyrgð á þeirra hlut í deilunni. Jafnframt sýna foreldrar sem eiga í harðsnúnum skilnaðardeilum takmarkaðan skilning hvaða áhrif ágreiningurinn hefur á börn þeirra. Rannsóknir benda til þess að flest börn aðlagist nokkuð vel eftir skilnað foreldra en standi ágreiningur og deilur yfir sé meiri hættu á að það geti haft langtíma áhrif á börn. Þá er átt við auknar líkur á hegðunar- og félagslegum vandamálum (Van der Wal, Finkenauer og Visser, 2018). Með áframhaldandi deilum og átökum milli foreldra fanga þeir sjálfa sig og börn sín inn í stanslausa ringulreið sem veldur djúpum og varanlegum skaða. Þessi tiltekni hópur foreldra er þó í minnihluta og í Bretlandi er þessi hópur aðeins 10-20% af þeim sem skilja. Átakamikill skilnaður er skilgreindur sem tímabil sem varir lengur en tvö ár (Haddad, Phillips og Bone, 2016). Í Bandaríkjunum er áætlað að 8-12% af fjölskyldum sem ganga í gegnum skilnað glími við harðsnúna deilur í tvö til þrjú ár eftir skilnað (Trinder, Kellet og Swift, 2008).

Í Hollandi er áætlað að um 40% hjónabanda endi með skilnaði. Af þeim skilnuðum eru fleiri en 50% börn foreldra sem hafa skilið. Í ljósi þess hve mörg börn hafa reynslu af skilnaði foreldra sinna er mikilvægt að skoða hvort og hvernig þessi börn aðlagast eftir skilnaðinn. Sérstaklega ef um er að ræða ágreining milli foreldra. Rannsóknir varðandi börn sem hafa orðið fyrir áfalli eða mótlæti sýna að ákveðnir þættir stuðla að bættri sálfélagslegri líðan þeirra. Einn af þeim þáttum sem er mest áberandi varðandi afleiðingar barna eftir skilnað er hversu mikill ágreiningurinn er á milli foreldra. Börn sem verða fyrir miklum, langvarandi og heiftugum átökum á milli foreldra eru líklegri til að þróa með sér þunglyndi og önnur sálfræðileg einkenni en þau börn sem upplifðu minniháttar átök. Annar þáttur snýr að tímalengd frá því að skilnaður átti sér stað. Í Hollandi eru um 20% af skilnuðum sem enda með harðsnúnum skilnaðardeilum. Gerð var rannsókn í Hollandi af Reine C. Van der Wal, Catrin Finkenauer og Margreet M. Visser og voru niðurstöður hennar birtar í tímaritinu „Journal of child and family studies“ árið 2018. Rannsóknin náði til 142 hollenskra barna á aldrinum 6-18 ára og var þátttakan góð eða um 95%. Öll börnin

áttu það sameiginlegt að eiga foreldra í harðsnúnum deilum og kannað var hvernig þessum börnum tókst að aðlagast eftir skilnað foreldra sinna. Foreldrar barnanna sem tóku þátt voru á skrá hjá 17 heilbrigðisstofnunum í mismunandi hverfum vegna þess að börnunum stafaði einhvers konar hætta af ágreiningnum. Í rannsókninni var misræmi í aðlögun barna eftir skilnað foreldra þegar um harðsnúna deilur foreldra var að ræða. Sett var fram sú tilgáta um að harðsnúna skilnaðardeilur geti haft tvenns konar áhrif á börn. Annars vegar geti þær haft skaðleg áhrif og valdið áfalli en hins vegar sýnt fram á seiglu barnanna. Í rannsókninni var í fyrsta lagi ákveðið að skoða skaðleg áhrif skilnaðar á aðlögun barna. Í öðru lagi að kanna tengsl milli áfalls vegna skilnaðar og aðlögunar barna eftir skilnað og greina þá þætti sem væru hvetjandi og verndandi. Niðurstöður sýna að þau börn sem upplifðu mikinn ágreining milli foreldra sinna voru ekki síður sjálfstæð og stóðu flest storminn af sér eins og þau börn sem aðlöguðust vel eftir skilnað. Börnin virtust hafa þróað með sér seiglu og að lokum aðlagast nokkuð vel eftir skilnaðinn. Helmingur barnanna greindi hins vegar frá áfallseinkennum eftir skilnað. Í ljós kom verulegur kynjamunur þar sem strákar voru með meira sjálfsálit en stúlkur. Ekki sáust tengsl á milli áfallseinkenna og aðlögunar barnanna eftir skilnað. Aftur á móti hafði sjálfsálit barnanna áhrif á aðlögunina. Mikill ágreiningur milli foreldra tengdist áfallseinkennum og höfðu þau skaðleg áhrif á börnin (Van der Wal, Finkenauer og Visser, 2018).

Til þess að hægt sé að fá nánari útskýringu er nauðsynlegt að horfa á heildarmyndina. Skoða þarf meðal annars hvað aðrar rannsóknir hafa leitt í ljós varðandi þessa þætti. Sum börn geta aðlagast ágætlega við slíkar aðstæður á meðan önnur börn eiga erfitt með það. Rannsóknin einblínir því á þá áhættuþætti sem geta haft úrslitaáhrif á líðan barna eftir skilnað og hvernig þau vinna úr honum. Mikilvægasti þátturinn snertir sjálfmynd barnanna, en hún virðist vera verndandi þáttur og hefur mikil áhrif á hversu miklar eða vægar afleiðingar skilnaður hefur í för með sér. Niðurstöður sýndu einnig að eldri börn virtust eiga erfiðara með úrvinnslu skilnað foreldra sinna en þau yngri. Markmið rannsóknarinnar var að kanna áhrif nokkurra verndandi þátta á aðlögun barna eftir skilnað. Kom þá í ljós að áhrif barna á skilnaði er öðruvísi meðal sumra barna sem ræðst af því hvernig átökin eru á milli foreldra, tímalengd frá skilnaðinum, og hvort börnin hafi gott sjálfstraust. Niðurstöður beindust þar með að sjálfstrausti barna og að það sé í raun hvetjandi þáttur í stað verndandi. Sjálfstraust er mikilvægt fyrir andlega og félagslega

velliðan á lífsleiðinni og stuðlar að persónulegum markmiðum, virkum viðbrögðum við mótlæti og betri samskiptum við aðra. Mikið sjálfstraust hjálpar einnig börnum að takast á við sálfræðilegar afleiðingar skilnaðar og eykur jafnframt seiglu þeirra við að komast í gegnum harðsnúna skilnaðardeilur foreldra sinna. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að hugsanlega væru þær ekki marktækar. Vera má að deilurnar og ósætti foreldranna endurspegli ekki reynslu og skilning barnanna á aðstæðum. Börnin séu jafnvel farin að skilgreina aðstæðurnar sem eðlilegar og verndi foreldra sína með því að gera lítið úr sinni eigin líðan (Van der Wal, Finkenauer og Visser, 2018).

Í Englandi er u.þ.b. 10% skilnaðarmála sem enda hjá dómstólum til að leysa ágreining. Rannsókn sem unnin var af Liz Trinder, Joanne Kellet og Louise Swift árið 2008 í Bretlandi kannaði aðlögun barna og samband þeirra við foreldra sína í harðsnúnum skilnaðarmálum. Hingað til hafa tengsl milli barna og foreldra og aðlögun þeirra í harðsnúnum skilnaðardeilum foreldra verið lítið rannsökuð. Þessi rannsókn leitaðist því við að kanna hvort betra samband milli foreldra og barna sé hjálplegt í viðvarandi deilumálum þegar við kemur aðlögun. Niðurstöður gátu ekki staðfest að tengsl væru á milli góðs sambands barna við foreldra sem ylli því að aðlögunin væri betri eftir skilnað. Með öðrum orðum má segja að við mikinn ágreining og deilur milli foreldra voru þau börn sem áttu góð sambönd ekki líklegri til að líða betur en þau sem höfðu engin sambönd við foreldra. Börnin voru verst sett þegar annað foreldrið hafði áhyggjur af foreldrahæfni hins foreldrisins. Hins vegar er möguleiki á að ástæðan fyrir því sé sú að annað foreldrið hafi beitt barnið ofbeldi eða vanrækt það við uppeldi þess sem hefur eðlilega haft áhrif á barnið. Einnig gætu áhyggjurnar varðandi foreldrahæfni hins foreldrisins verið vegna þess að á milli foreldranna hafi verið ágreiningur og deilur sem ollu vantrausti. Slík hegðun gerir stöðu barnsins lakari. Ljóst er að ágreiningur sem slíkur milli foreldra hefur skaðleg áhrif á börn. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að foreldrasamvinna er afar mikilvægur þáttur þegar kemur að sambandi þeirra við börnin sín, þá sérstaklega feður. Jafnframt hefur góð samvinna foreldra jákvæð áhrif á aðlögun barna eftir skilnað. Í lokin var lögð áhersla á mikilvægi þess að foreldrar komist að samkomulagi og byggi upp getu á hæfni þeirra sem foreldrar (Trinder, Kellet og Swift, 2008).

## 8 Samantekt

Nútímasamfélag samanstendur af breyttum viðhorfum til stöðu fjölskyldunnar og hefur skilnaðarmálum fjölgað talsvert á undanförunum áratugum. Þegar litið er til fjölgunar skilnaða er vert að huga að öllum þeim börnum sem verða fyrir slíkri lífsreynslu. Eins og fram kom hér að framan áttu þeir foreldrar sem slitu samvistum árið 2011 samtals 1206 börn.

Breytingar á lögum um sameiginlega forsjá höfðu í för með sér jákvæða þróun sem leiddi til aukinnar foreldrasamvinnu og sameiginlegrar ábyrgðar. Á árum áður höfðu mæður alfarið forsjá með börnum sínum. Feður voru hins vegar ekki sammála þessu fyrirkomulagi og vildu flestir breytingu. Ástæða þess var sú að slíkt fyrirkomulag leiddi til tengslarofa milli feðra og fjölskyldna þeirra við börn sín. Með lagabreytingu nr. 69/2006 á barnalögum nr. 76/2003 var loks lögfest að forsjá skyldi vera sameiginleg. Segja má að eftir fyrrgreinda lagabreytingu hafi orðið bylting í forsjármálum hér á landi. Breytingin fól í sér að sameiginleg forsjá varð ríkjandi fyrirkomulag á sama tíma og forsjá mæðra heyrði nánast sögunni til (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008).

Megininntak í hjúskaparlögum er að hjón nái sáttum um skiptingu eigna, forsjá barna sinna og umgengnisrétt. Til að aðstoða hjón við að ná sáttum varðandi framangreind atriði kemur fram í barnalögum að boðið er uppá sáttameðferð. Náist ekki sátt með eða án sáttameðferðar þarf að vísa málinu til dómstóla. Meginstef í barnalögum er að málum skuli hagað þannig að ávallt séu allar ákvarðanir gerðar með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Sú regla er í fullu samræmi við ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem skýrt er kveðið á um að allar ákvarðanir taki mið að því sem barninu er fyrir bestu (Hjúskaparlög nr. 31/1993; Barnalög nr. 76/2003; Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.).

Í rannsókninni um sameiginlega forsjá eftir Sigrúnu Júlíusdóttur og Nönnu K. Sigurðardóttur sem rætt var um hér að framan var fjallað um skilnaðarráðgjöf. Niðurstöður leiddu í ljós að stór hluti þátttakenda hafði ekki sótt sér faglegrar ráðgjafar vegna skilnaðarins. Margir foreldrar eru í stakk búnir til að leysa mál sín á farsælan hátt

án sérfræðiaðstoðar. Aftur á móti er hluti foreldra sem þurfa á aðstoð að halda í skilnaðarferlinu og því afar brýnt að sá hópur leyti sér faglegrar ráðgjafar. Sú ráðgjöf sem er í boði hefur þróast í gegnum árin og er veitt af faghópi eins og meðal annars félagsráðgjöfum, sálfræðingum sem og lögfræðingum (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Ekki er úr vegi að nefna í þessu samhengi að pör á Íslandi hafa í auknum mæli notfært sér svonefnda sáttamiðlun sem veitt er af sveitarfélögum. Þeir sem fara með slíka sáttamiðlun eru sérfræðingar hver á sínu sviði. Í sáttamiðlun felst að leitast við að miðla upplýsingum til foreldra í skilnaðarhugleiðingum til að auðvelda þeim að ná sátt í skilnaðarferlinu (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Þegar foreldrar ákveða að slíta samvistum þarf að huga vel að barninu og hvernig því er sagt frá komandi breytingum. Fyrir liggur að börn verða þess fljótt áskynja þegar langvarandi spenna og ósætti hefur verið milli foreldra á heimilinu. Jafnframt er ljóst að fáir börnin engar upplýsingar um hið þrúgandi andrúmsloft fara þau að ímynda sér alls konar hluti sem margir hverjir eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Á þessu tímarskeiði eru börnin því algjörlega utangátta sem getur valdið þeim kvíða. Af þeim sökum er nauðsynlegt að báðir foreldrar upplýsi börnin um stöðu mála í án þess að greina frá málum í smáatriðum (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Einnig er mælt með því að foreldrar segi börnum sínum frá skilnaði í sameiningu (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008). Ekki má gleyma að minnast á hlutverk barna eftir skilnað. Vitað er að í skilnaðarferlinu verða foreldrar mjög uppteknir af eigin líðan og tilfinningar barnsins falla í skuggann. Við þessar aðstæður eiga börnin til að tileinka sér hin ýmsu hlutverk sem fyllsta ástæða væri til að foreldrar tækju eftir. Einnig er eitt af hlutverkum barnsins fólgið í að afneita skilnaði foreldra og lifir það í þeirri trú að foreldrar muni taka saman á ný (Benedikt Jóhannson, 2004). Ágreiningur og átök á milli foreldra í skilnaðarferlinu geta skipt sköpum varðandi velferð barnsins eftir skilnað. Við ágreining foreldra verða tengslarof sem hafa skaðleg áhrif á börn. Ágreiningurinn tengist ekki endilega aðlöguninni sjálfri því þar skiptir máli að börnin hafi þróað með sér seiglu og góða sjálfsmynd sem hjálpar þeim í aðlögunarferlinu eftir skilnað (Van der Wal, Finkenauer og Visser, 2018).

## 9 Lokaorð

Eins og fram hefur komið í þessari ritgerð hafa tímarnir breyst og skilnaðarbörnum fjölgað. Ákveðið var því að kanna hvaða áhrif skilnaður hefur á börn og síðast en ekki síst fjalla um þann hóp barna sem verður fyrir barðinu á ágreiningi og deilum foreldra sinna. Það liggur í hlutarins eðli að stöðugar deilur og ósætti milli foreldra leiða til þess að lífsgæði barna verða mun lakari en efni standa til. Með fjölmörgum rannsóknum hefur verið sýnt fram á að mjög mikilvægt er að vanda til þess hvernig haldið er á málum eftir sjálfan skilnaðinn. Í því samhengi má nefna hér til dæmis mikilvægi þess að foreldrar upplýsi börn sín vel um skilnaðinn, þ.e. hvað sé í vændum. Nauðsynlegt er að börnum sé sagt satt og rétt frá skilnaðinum miðað við aldur og þroska þeirra. Ekki verður komist hjá því að leggja áherslu á hversu mikilvæg samvinna foreldra er eftir skilnað. Sameiginleg forsjá er jákvæð þróun og ætti því að styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu og þeirri ábyrgð sem því fylgir. Aftur að móti er nauðsynlegt fyrir foreldra að horfa á stöðu barnsins með heildarsýn að leiðarljósi svo hægt sé að viðhalda stöðugleika barnsins eftir skilnað. Þættir sem snerta nærumhverfi barnsins hafa áhrif á stöðugleika og auðvelda aðlögun þess eftir skilnað. Má þar nefna búsetu, skóla, vini og síðast en ekki síst tengsl við báðar fjölskyldur. Allt þarf þetta að haldast í hendur svo vel megi takast til. Hið jákvæða samstarf foreldra skilar sér margfalt til barnanna og virðist sem það bæti líðan þeirra og líf skjör. Að lokum verður ekki önnur ályktun dregin af öllu framanrituðu en að lykilatriðið við skilnað foreldra sé að allar ákvarðanir séu teknar með tilliti til velferðar barnsins og hvað því sé fyrir bestu. Hvetja ætti foreldra til að nýta sér alla þá aðstoð og ráðgjöf sem þeim býðst svo hægt sé að ná sáttum með hagsmuni barna að leiðarljósi. Einnig er nauðsynlegt að foreldrum sé leiðbeint og þeir vel upplýstir um hvað felist í hinum ýmsu hugtökum sem koma fyrir í skilnaðarferlinu. Í kjölfar fjölda rannsókna hefur verið bent á brýna nauðsyn þess að þennan hóp ágreiningsforeldra þurfi að rannsaka betur. Í ljósi þess að ágreiningslaus samvinna foreldra hlýtur að vera börnum fyrir bestu.

## Heimildaskrá

- Alþingi. (2015-2016). *Innanríkisráðherra um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum*. Sótt [https://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/0170.pdf?fbclid=IwAR0Rhs4Gi0iThqOxelTOM0\\_u9N2vPEscgkpu35SL1laNXqOjwMYpqytp1yo](https://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/0170.pdf?fbclid=IwAR0Rhs4Gi0iThqOxelTOM0_u9N2vPEscgkpu35SL1laNXqOjwMYpqytp1yo).
- Barnalög nr. 76/2003.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (e.d.). Barnasáttmálinn. Sótt af <https://barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>.
- Benedikt Jóhannsson. (2004). *Börn og skilnaðir*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.
- Cornell, T. og Hamrin, V. (2008) Clinical interventions for children with attachment problems, *Journal of child and adolescent psychiatric nursing*, 21(1), 35-47.
- Eurostat (e.d.). Database. Sótt af <https://ec.europa.eu/eurostat/data/database>
- Hagstofa Íslands. (2018). Landsmönnum fjölgar um 3%. Sótt af [https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-1januar-2018/?fbclid=IwAR1NvgaWVdxZ103RAec-VOFtjS6oltA0Ue0D4TbP4C7bxiM0r5IU\\_EVwGgA](https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-1januar-2018/?fbclid=IwAR1NvgaWVdxZ103RAec-VOFtjS6oltA0Ue0D4TbP4C7bxiM0r5IU_EVwGgA).
- Hagstofa Íslands. (e.d-a). Kjarnafjölskyldur eftir sveitarfélögum og fjölskyldugerð 1998-2018. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_fjolsk\\_\\_Fjolskyldan/MAN07108.px/?rxid=75e75657-ed73-47aa-9ce4-c7918d1d3894](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Fjolskyldan/MAN07108.px/?rxid=75e75657-ed73-47aa-9ce4-c7918d1d3894).
- Hagstofa Íslands. (e.d-b). Lok hjúskapar og skilnaðir að borði og sæng 1951-2011. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_fjolsk\\_\\_Skilnadir/MAN06201.px/?rxid=1e240d8c-a4eb-45d3-b6ca-a146a9d5c22a](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Skilnadir/MAN06201.px/?rxid=1e240d8c-a4eb-45d3-b6ca-a146a9d5c22a).
- Hagstofa Íslands. (e.d-c). Lok sambúðar 1991-2011. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_fjolsk\\_\\_Skilnadir/MAN06216.px/?rxid=444e4876-ef13-44ce-a02d-0562a29c3961](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Skilnadir/MAN06216.px/?rxid=444e4876-ef13-44ce-a02d-0562a29c3961).
- Hagstofa Íslands. (e.d-d). Lögskilnaðir og forsjá barna úr hjónabandi 1961-2011. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_fjolsk\\_\\_Skilnadir/MAN06205.px/?rxid=7e3f3f6e-dafc-4603-a9ec-787f462709ea](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Skilnadir/MAN06205.px/?rxid=7e3f3f6e-dafc-4603-a9ec-787f462709ea).

- Hagstofa Íslands. (e.d-e). Sambúðarslit og fjöldi barna 1991-2011. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_fjolsk\\_\\_Skilnadir/MAN06213.px/table/tableViewLayout1/?rxid=1870a97c-4f08-4695-97b1-cd25c370c018](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Skilnadir/MAN06213.px/table/tableViewLayout1/?rxid=1870a97c-4f08-4695-97b1-cd25c370c018).
- Hagstofa Íslands. (e.d-f). Aldur barna úr lögskilnuðum og sambúðarslitum 1994-2011. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_fjolsk\\_\\_Skilnadir/MAN06220.px/table/tableViewLayout1/?rxid=94f51e54-d0af-400a-8edb-e2d9e6e7b65a](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Skilnadir/MAN06220.px/table/tableViewLayout1/?rxid=94f51e54-d0af-400a-8edb-e2d9e6e7b65a).
- Hagstofa Íslands. (e.d-g). Lögskilnaðir og forsjá barna úr hjónabandi 1961-2011. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_fjolsk\\_\\_Skilnadir/MAN06205.px/table/tableViewLayout1/?rxid=d4829e57-7741-47a2-a0ef-53621bcfb60c](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Skilnadir/MAN06205.px/table/tableViewLayout1/?rxid=d4829e57-7741-47a2-a0ef-53621bcfb60c).
- Hagstofa Íslands. (e.d-h). Forsjá barna úr sambúðarslitum 1991-2011. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_fjolsk\\_\\_Skilnadir/MAN06214.px/?rxid=1bd7546c-99df-46b9-924f-f8a060c34e1e](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Skilnadir/MAN06214.px/?rxid=1bd7546c-99df-46b9-924f-f8a060c34e1e).
- Hjúskaparlög nr. 31/1993.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2010). *Hjúskapur og hrun: Ábyrgð, áhrif og afleiðingar*, Þjóðarspejillinn, 89-103. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Inga Huld Hákonardóttir. (1995). *Fjarri hlýju hjónasængur: Öðruvísi Íslandssaga*. Reykjavík: Íslenski kirkjuklúbburinn.
- Innanríkisráðuneyti. (2016). *Áhrif sáttarmeðferðar í forsjámálum sbr. 33. gr. a. Barnalaga nr. 76/2003*, Reykjavík: Innanríkisráðuneyti.
- Metha, A., Cohen, R. S., og Chan, L. S. (2009). Palliative care: A need for a family system approach, *Palliative & Supportive care, Palliative and support care*, 7(2), 235-243. doi: 10.1017/S1478951509000303
- Pryor, J. (2014). *Stepfamilies: A global perspective on research, policy and practice*. New York: Third avenue.
- Reynolds, J. R., Turner, J. R. (2008). Major life events: Their personal meaning, resolution, and mental health significance, *Journal of health and social behavior*, 49(2), 223-237.
- Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir. (2008). *Ungmenni og ættartengsl*, Reykjavík: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd og Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar: Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir, Sólveig Sigurðardóttir og Dögg Pálsdóttir. (2016). Raddir skilnaðarbarna: Um jafna búsetu hjá foreldrum eftir skilnað, *Tímarit um uppeldi og menntun*, 25(1), 3-23.



Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2013). *Eftir skilnað: Um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd.

Sjöfn Vilhelmsdóttir og Gunnar Helgi Kristinsson. (2010). *Félagsauður; Skilgreining og mæling*. Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), Rannsóknir í félagsvísindum XI, (bls. 29-38). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Trinder, L., Kellet, J. og Swift, L. (2008). The relationship between contact and child adjustment in high conflict cases after divorce, *Child and adolescent mental health*, 13(4), 181-187. doi 10.1111./j.1475-3588.2008.00484.x.

Valgerður Halldórsdóttir. (2018). *Hver er í fjölskyldunni?* Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Van der Wal, R.C., Finkenauer, C. og Visser, M.M. (2018). Reconciling mixed findings on children's adjustment following high-conflict divorce, *Journal of child and family studies*, 1-11. doi.10.1007/s10826-018-1277-z.